

## Tillaga að auglýsingu

### um verndarsvæði á Suðurlandi - vatnasvið Tungnaár: 24 Tungnaárlón og 25 Bjallavirkjun í-verndarflokki verndar- og orkunýtingaráætlunar

1. gr.

#### *Um friðlýsinguna*

Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli verndarflokks þingsályktunar nr. 13/141, frá 14. janúar 2013, að friðlýsa vatnasvið Tungnaár: 24 Tungnaárlón og 25 Bjallavirkjun í Skaftárhreppi, Ásahreppi og Rangárþingi ytra gagnvart orkuvinnslu á grundvelli 53. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Verndarsvæðið er 71.669 hektarar að stærð.

2. gr.

#### *Markmið friðlýsingarinnar*

Tilgangur og markmið friðlýsingarinnar er að vernda vatnasvið Tungnaár: 24 Tungnaárlón og 25 Bjallavirkjun gegn orkuvinnslu.

3. gr.

#### *Mörk verndarsvæðisins*

Mörk verndarsvæðisins eru sýnd á korti og afmarkast af þeim hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi í viðauka I.<sup>1</sup>

4. gr.

#### *Mannvirkjagerð og orkurannsóknir*

Orkuvinnsla innan marka verndarsvæðisins er óheimil. Ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu á verndarsvæðinu. Að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar og að undangenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að stunda yfirborðsrannsóknir á verndarsvæðinu.

5. gr.

#### *Refsiákvæði*

Brot gegn friðlýsingu þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 90. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013.

6. gr.

#### *Gildistaka*

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, dagsetning*

---

Umhverfis- og auðlindaráðherra

---

<sup>1</sup> Hnitaskrá er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar, [www.ust.is](http://www.ust.is)